
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	65. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Föstudagur 20. febrúar 1998, kl. 09:00
Fundarstaður:	Rafmagnsveitur ríkisins, Laugavegi 118
Fundarefni:	1) Staða skráningar ársins 1997. 2) Gæði raforku. 3) Stuðlar um afhendingu raforku. 4) Gögn um viðhald og hagnýting þeirra. 5) Skráning truflana á Internetinu. 6) Skýrsla Orkustofnunar um truflanir undanfarinna ára. 7) Fjölföldun eyðublaða og hlutverk Orkustofnunar í starfinu. 8) Önnur mál

Á fundinn mættu:

START:	Guðmundur I. Ásmundsson Rúnar Svavar Svavarsson Jakob Ólafsson Pétur E. Þórðarson Hreinn Jónasson Ólafur Pálsson
Rafmagnsveitur ríkisins	Kjartan R. Árnason
Orkustofnun:	Bergur Jónsson
Landsvirkjun:	Eggert Guðjónsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) HJ sagði að töluvert væri eftir að skrá af truflunum hjá Hitaveitu Suðurnesja en stefnt er að því að ljúka skráning í febrúar þannig að hægt verði að fara yfir þær í byrjun mars.

KRÁ sagði að búið væri að skrá flestar skýrslur hjá Rafmagnsveitum ríkisins en þó væru eftir nokkrar skýrslur á Kjalarnesi og Vesturlandi. Eftir er að reikna út skerðinguna. Heildarfjöldi af skýrslum er minni en í fyrra. Hann sagði að þeir yrðu tilbúnir með skráninguna um mánaðarmótin mars-apríl.

GIÁ sagði að skráningin væri tilbúin hjá Landsvirkjun og skýrsla um síðasta ár væri langt komin.

JÓ sagði að skráningin hjá Orkubúi Vestfjarða væri langt komin og yrði henni lokið í mánuðinum.

RSS sagði að skráningu væri lokið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og gögnin væru komin til JV. Hann dreifði töflum og myndum um fjölda truflana og sagði að það væru fleiri háspennutruflanir núna en á síðasta ári en færri í dreifikerfinu. Ástæða fjölgunar í háspennukerfinu er að framkvæmdir hafa verið miklar á svæðin og nefndi sem dæmi Ártúnsbrekkuna þar sem verktakar fóru í nokkrum tilvikum í strengi.

- 2) JV dreifði einu blaði um sænskt námskeið um gæði raforku. Hann spurði hvort ekki væri áhugavert að vera með slíkt námskeið sem fyrsta skref í að skoða aðra þætti varðandi gæði raforku en afhendingaröryggi. Hópurinn gæti þá í kjölfar námskeiðsins metið hvort hann ætti að fjalla um þessa hluti og hvert framhaldið yrði þá. Fundarmönnum þótti þetta námskeið dýrt eða 7.200 Skr á þátttakenda fyrir tvo daga og töldu menn að verðið mætti ekki vera meira en rúmar 30.000 kr. Ef það verð næst ætti þátttaka að geta verið rúmlega 20 manns. RSS sagði æskilegt að halda slíkt námskeið.

GIÁ sagði að Landsvirkjun hefði sett upp 5 mælistöðvar aðallega til að skoða hegðun kerfisins í truflunum og eru 2 á höfuðborgarsvæðinu, ein í Sigöldu, ein í Kröflu og ein óstaðsett. RSS sagði að markaðsdeild RR hefur keypt mælitæki til að geta skoðað betur gæði raforku en áður hafa þeir verið með tæki sem Háskóli Íslands þróaði til að mæla spennusveiflur. JÓ sagði að þeir hjá OV hefðu einnig keypt slíkt mælitæki. Fundarmenn sögðu að ætíð væri nokkuð um kvartanir frá notendum og benti PEP á að áhugavert gæti verið að útbúa sameiginlega skráningu fyrir þessar kvartanir sem gæti tengst truflanaskráningunni.

- 3) EG sagði að Landsvirkjun hafi verið að þróa notkun stuðla til að meta afhendingu raforku milli ára. Hann fór yfir þessa stuðla og sagði þá komna frá námskeiði Billinton hér á landi. Um er að ræða eftirfarandi stuðla:

FSA (SAIFD):	Fjöldi straumleysistilvika á afhendingarstað.
TSA (SAIDI):	Tímalengd straumleysistilvika á afhendingarstað.
TSF (CAIDI):	Tímalengd straumleysistilvika á tilvik.

Áreiðanleikastuðull: Það hlutfall úr ári sem afhending er á rafmagni til viðskiptavina.

EG sagði að skilgreiningar væru óljósar því væri áhugavert að skilgreina stuðlana betur til notkunar hér á landi. KRÁ tók undir það og benti einnig á að í Evrópu væru mest notaðir aðrir stuðlar svo sem straumleysismínútur. Nokkur umræða varð um þetta og var JV falið að taka saman yfirlit um þessa stuðla fyrir næsta fund, bæði þá sem notaðir eru erlendis og þá sem aðilar að hópnun hafa verið að nota.

- 4) GIÁ sagði að þeir hefðu verið að skoða skráningu viðhalds og telja að endurbæta þurfi skráningu þess í skráningarkerfi hópans eða færa það yfir í viðhaldskerfi. EG sagði að stærsti galli á þessari viðhaldsskráningu hafi verið að í viðhaldstilvikum er reynt að sameina sem mest þannig að margar einingar ganga inn í hvert tilvik en einungis hefur verið skráð ein skýrsla fyrir slíkt. Nú væri búið að endurbæta kerfið þannig að hægt er að skrá skýrslu fyrir hverja einingu sem tekin er í viðhald og væri það mikil endurbót. Þeir ætla að bæta þessa skráningu núna og sjá hvort hún dugar í þessum tilgangi. Hugsanlegt væri að í framtíðinni yrði eitt kerfi bæði fyrir viðhald og skráningu truflana.

RSS sagði að þeir hefðu lítið unnið úr upplýsingum um viðhald en þeir væru nú að leita að viðhaldskerfi. KRÁ sagði að þeir hefðu skráð upplýsingar um viðhald inn í kerfið frá upphafi.

Ákveðið var að hvert fyrirtæki fyrir sig mundi velta fyrir sér hagnýtingu viðhaldsgagna og hvort gera þurfi breytingar á skráningunni til að auka not af gögnunum. Síðan yrðu þarfir samræmdar.

- 5) JV sagði að sér hefði dottið í hug að heppilegt gæti verið fyrir smærri veitur sem ekki hafa tekið þátt í þessu samstarfi að geta skráð truflanir inn á Internetinu. Þá þyrftu þær ekki að koma upp hjá sér tölvukerfi fyrir þessa skráningu. GIÁ taldi óvíst að áhugi þessara veitna mundi neitt aukast þó svo að þær fengju möguleika á að skrá truflanir á þennan hátt og tóku aðrir undir það. JV benti á að áhugavert gæti verið fyrir hópinn að vera með heimasíða og nefndi að hann væri að setja upp heimasíðu fyrir Orkuspárnefnd. Fundarmönnum leist vel á þetta og var JV falið að koma með hugmyndir að því hvað gæti verið á síðunni á næsta fund.

- 6) ÓP hafði sent fundarmönnum nýtt uppkast að skýrslu um truflanir áráanna 1992-96. KRÁ benti á að áhugavert væri að vera með normeraðar upplýsingar til samanburðar fyrir veiturnar. RSS benti á að texti mætti vera meiri í skýrslunni og fjalla mætti um stærri tilvik. JV sagði að e.t.v. væri best að hópurinn tæki saman ár hvert yfirlit um stærstu truflanir síðasta árs sem gæti þá gengið inn í skýrsluna. Samþykkt var að ganga frá skýrslunni og frekari lagfæringar koma þá í næstu skýrslu.
- 7) JV sagði að upplag af B og C eyðublöðum væri búið á Orkustofnun og spurning væri hvort áfram ætti að prenta eyðublöð og hvort Orkustofnun ætti áfram að sjá um dreifingu á eyðublöðunum. Landsvirkjun er hætt að nota eyðublöðin og Orkubúið er farið að minnka notkun þeirra enda er hægt að geyma ófullgerðar skýrslur í tölvukerfinu. Hugsanlegt er að láta hverja veitu fyrir sig ljósrita blöð en þá tapast liturinn á þeim. Ákveðið var að Orkustofnun mundi hætta að sjá um dreifingu á blöðunum. Veiturnar ætla að láta JV vita hve mikið af eyðublöðum þær þurfa á að halda næsta árið og mun JV þá sjá um að láta útbúa eyðublöð fyrir veiturnar en þær munu sjálfar liggja með lagerinn. PEP bað um að fá aftaná A og B blöð sérstakt skerðingarblað sem Rafmagnsveitur ríkisins nota.

ÓP sagði að Orkustofnun væri tilbúin að halda áfram að taka saman upplýsingar um truflanir á landinu í heild og gefa út.

- 8) PEP benti á að samkvæmt Nordel skýrslu væri mun meira um truflanir hér í aðveitustöðvum en á hinum Norðurlöndunum og spurði hvort menn þyrftu ekki að skoða þetta. GIÁ sagði að þeir hefðu skoðað þetta nokkuð. Truflanir eru fleiri hér á aflspennum og hugsanlega stafaði það af röngu viðhaldi varðandi olíu. Vitað væri að viss gerð af aflrofum hefði verið vandamál og búið væri að skipta um þá rofa í nágrannalöndunum. Ef bera á saman þessa hluti taldi GIÁ að það þyrfti að fara í sambærileg fyrirtæki erlendis og skoða ítarleg gögn um þessa hluti það sem yfirlitsupplýsingar eins og hjá Nordel segðu ekki nægjanlega mikið. KRÁ sagði að áhugavert væri þó að bera saman tíðni truflana milli þjóða til að fá vísbendingar. BJ benti á fjölda truflana í stjórnbúnaði. JV sagði að tölur um aflspenna og aflrofa ættu að vera samanburðarhæfar en t.d. varðandi mælaspena væru gögn ábyggilega miklu betri hér á landi en í nágrannalöndunum og einnig væri rétt að hafa í huga að eftir því sem komið væri á lægri spennur yrðu gögn lakari hjá nágrannapjóðunum.

PEP benti einnig á að þegar verið væri að flytja hús á milli héraða og þyrfti að taka straum af raflínunum svo rafmagnslaust verður hjá notendum. Ekki er þá verið að hugsa um kostnað notanda af þeim sökum og í mörgum tilvikum væri ábyggilega sá kostnaður og annar kostnaður við flutninga meiri en sparnaður af flutningi hússins. Koma þyrfti þessum hlutum í betra horf þannig að ekki sé stöðugt hægt að ganga á hlut rafmagnsnotenda. Fundarmenn tóku undir þetta.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn snemma í apríl þegar öll gögn síðasta árs liggja fyrir og verður hann hjá Hitaveitu Suðurnesja. Fundi slitið kl. 11:50.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn: “Skýrsla um fyrirvaralausar rekstrartruflanir í raforkukerfinu 1992-1996”. (ÓP)

Dreift var á fundinum: Rekstrartruflanir í raforkukerfinu 1996 og 1992”. 2 blöð (RSS)
“Elkvalitet och spanningsgodhet”. (JV)